



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0/	K/S 30.10.18
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

Selfossi, 29. október 2018  
1809056HS SG

**Efni: Hólaskógur, Skeiða- og Gnúpverjahreppi - Umsögn um deiliskipulagstillögu**

Þann 23. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hólaskóg í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt greinargerð sem fylgir með tillögunni er um að ræða landspildu á Gnúpverjafrétti innan þjóðlendu og því á forræði forsætisráðuneytis samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 og er þar gert ráð fyrir fjórum lóðum og er því deiliskipulagið í samræmi við aðalskipulag.

Í tillögu að Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2026 sem er í vinnslu, er svæðið skilgreint sem viðskipta- og þjónustusvæði og hefur vatnsból fyrir neysluvatn ásamt tilheyrandi vatnsvernd jafnframt verið merkt þar inn. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við nýtt aðalskipulag í vinnslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu gerir engar athugasemdir sbr. ofangreint.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*[Signature]*

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri